

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 963/2019, veiðar með dragnót við Ísland.

1. gr.

27. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Allar veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi suður frá $64^{\circ}14,1'N - 14^{\circ}58,4'V$ Stokksnesvita og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi suður frá $63^{\circ}48,0'N - 22^{\circ}41,9'V$ Reykjanesvita.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót heimilar á eftirfarandi svæðum og tímum:

- Frá og með 1. mars til og með 31. október að línu í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði milli $16^{\circ}34'V$ og $15^{\circ}45'V$.
- Allt árið á svæði milli $63^{\circ}48,0'N - 22^{\circ}41,9'V$ og $63^{\circ}51,3'N - 16^{\circ}34,0'V$.

Matvælaráðuneytinu dd. mm 2023.

Svandís Svavarsdóttir

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir